

**STJÓRNARFUNDUR HALDINN Á SKRIFSTOFU SSNV HÖFÐABRAUT 6
HVAMMSTANGA ÞRIÐJUDAGINN. 2. OKTÓBER 2012 KL 09:30**

Þriðjudaginn 2. október 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga. Mættir voru: Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen, Leó Örn Þorleifsson varamaður Skúla Þórðarsonar, og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Anna Margrét Guðjónsdóttir frá AM ráðgjöf var í símasambandi undir 2. Lið.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

- 1. Fundargerð síðasta fundar. Lögð fram til kynningar.**
- 2. IPA umsóknir- skilagrein Önnu Margrétar Guðjónsdóttur.** Anna Margrét Guðjónsdóttir, ráðgjafi, fór yfir vinnu við verkefnið, allt frá því að frá samþykkt stjórnar þann 5. Júlí s.l. Í byrjun september var haldinn opinn fundur í Miðgarði með yfir 50 hagsmunaaðilum og íbúum af svæðinu. Þá hafa einnig verið haldnir smærri fundir og samráð haft við fjölmarga aðila á svæðinu. Hún kynnti hugmyndir til að vinna út frá.
 - Þróun matvælaklasa í samvinnu við Vesturland og Vestfirði
 - Fjölgun tækifæra fyrir ungt fólk m.a með þróun nýrra námsbrauta. (unnið í samvinnu við SSV, FV of.l).
 - Menningarferðaþjónusta í Flugklasa Norðurlands (unnið í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands of.l)
 - Vatnavinir- þróun áfangastaða í ferðaþjónustu sem byggja á heitum laugum. (unnið í samvinnu við SSV, FV o.fl)

Stjórn SSNV samþykkir vinna frekar að framangreindum tillögum.

- 3. Tilnefningar fjögurra fulltrúa í skólanefnd FNV.** Afgreiðslu frestað.
- 4. Undirbúningur 20. ársþings.** Farið yfir drög að ályktunum sem stjórn hyggst leggja fyrir ársþing. Framkvæmdastjóra falið að lagfæra drögin m.v umræður á fundinum og senda á stjórnarmenn í tölvupósti. Stjórnarmenn skili tillögum til framkvæmdastjóra fyrir lok dags n.k föstudag.
- 5. Undirbúningur fundar með þingmönnum NV kjördæmis.** Lögð fram gögn sem lögð verða fram á fundi stjórnar SSNV með þingmönnum kjördæmisins sem haldinn verður kl 12:00 þriðjudaginn 2. október 2012. Umræður urðu um ýmis mál m.a samgöngumál, veiðigjöld og málefni heilbrigðisstofnanna svæðisins.
- 6. Fundur stjórnar SSNV og þingmanna NV kjördæmis.** Fundinn sátu stjórnarmenn SSNV og framkvæmdastjóri. Þingmennirnir, Ásbjörn Óttarsson, Ólína Þorvarðardóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ásmundur Einar Daðason og Einar Kristinn Guðfinnsson og Guðbjartur Hannesson. Ýmis mál voru rædd m.a málefni Heilbrigðisstofnanna, fjárveitingar til menningar og þekkingarverkefna sem áður voru á fjárlögum, flýting samgönguf framkvæmda s.s Skagastrandarvegur og Héraðs og tengivega, almenningsamgöngur, ráðstöfun Veiðileyfagjalds til sjávarbyggða, hækkun virðisaukaskatts á gistingu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari